

Fundargerð 93. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2025, miðvikudaginn 10. desember kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Sigfús Ingi Sigfússon, Gerður Björk Sveinsdóttir, Fannar Jónasson, Jón Björn Hákonarson og Heimir Örn Árnason.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Áform um lagasetningu - frumvarp til laga um lagareldi - óskað umsagnar - 2512001SU

Til umræðu drög að umsögn um áform um lagasetningu um frumvarp til laga um lagareldi.

Formanni og starfsmanni samtakanna falið að skrifa drög að umsögn í samræmi við umræður á fundi.

Stjórn samþykkir einnig að hafin verði vinna við að endurskoða stefnu samtakanna um fiskeldi.

2. Drög að atvinnustefnu Íslands - vaxtarplan til 2035 - óskað umsagnar - 2512003SU

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga tekur undir mikilvægi þess að tryggja áframhaldandi alþjóðlega samkeppnishæfni sjávarútvegs og að mikil vaxtartækifæri felist í lagareldi, bæði í sjó og á landi. Fram kemur að lögð sé áhersla á að undurbyggja öflugan og sjálfbæran vöxt í þessum geira. Stjórn samtakanna leggur áherslu á hóflega skattlagningu á umræddar atvinnugreinar svo það séu tækifæri fyrir þr til að vaxa og dafna ásamt því að styðja við og efla fjölbreytt atvinnutækifæri um land allt. Það eflir hagvöxt og styrkir þjóðarbúið.

Í atvinnustefnunni kemur fram að öflugir innviðir séu grunnforsenda samkeppnishæfs atvinnulífs og mikilvæg undirstaða verðmætasköpunar þjóðarbúsins. Stjórn samtakanna tekur undir þetta og leggja áherslu á að sveitarfélögum sé einnig gert kleyft að styðja við uppbyggingu öflugra innviða. Því þarf að auka fjárhagslegt svigrúm sveitarfélaga t.d. með því að fiskeldisgjald og veiðigjöld renni að hluta eða að öllu leyti til viðkomandi sveitarfélaga. Stjórn samtakanna tekur einnig undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga og mikilvægi þess að virðisaukaskattur af mikilvægum innviðaframkvæmdum sveitarfélaga fái endurgreiddur. Með því skapast rými til að ráðast í frekari fjárfestingar í innviðum sveitarfélaga, vinna á innviðaskuldinni og styðja við atvinnulíf og íbúðauppbyggingu.

3. Ráðstöfun afla í byggðakerfi - 2512002SU

Til umræðu var ráðstöfun afla í byggðakerfi.

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga leggur áherslu á að umhverfi byggðakvóta byggji á fyrirsjáanleika og faglegum vinnubrögðum.

Stjórn felur formanni og starfsmanni samtakanna að óska eftir fundi með innviðaráðherra á nýju ári en fyrr á þessu ári var byggðakerfið, sem felur í sér strandveiðar, byggðakvóta og fleira, flutt frá atvinnuvegaráðuneytinu til innviðaráðuneytisins.

4. Áform um lagasetningu - frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna lax- og silungsveiði og fiskræktar - óskað umsagnar - 2509002SU

Formanni og starfsmanni falið að vinna málið áfram.

5. Önnur mál - 2511002SU

Til umræðu var væntanlegur sjávarútvegsfundur er verður haldin í mars 2026.

Fundi var slitið kl. 08:45